

bænda
FERÐIR

GENGIÐ & SIGLT Á MÓSEL



18. – 26. september 2024
Fararstjórn: Gísli Einarsson

Hreyfiferð
Þýskaland | Frakkland

Ferðalýsing

Gengið og siglt er skemmtileg ferð sem tengir á einstakan hátt saman kosti siglingar og fallega náttúru í gönguferðum um fegurstu fljótadali Þýskalands. Við siglum á fljótunum **Saar**, **Mósel** og **Rín** og förum daglega í 8 - 10 km langar gönguferðir. Flogið verður til Frankfurt og haldið inn í **Móseldalinn** til hins glæsilega bæjar **Tríer** þar sem gist verður í þrjár nætur. Förum þaðan í gönguferðir og tækifæri gefst til að skoða sig um og fara í vínsmökkun. Höldum síðan til **Saarlouis** í **Saardalnum** og um borð í skipið **MS Leonardo da Vinci** þar sem gist verður í fjórar nætur. Gengið verður um fjölbreytt landsvæði, s.s. vínakra, skóglendi og á stígum eftir hamraveggjum. Landslagið er stórkostlegt og útsýnið yfir bæi, ár, dali, vínakra og kastala ægifagurt og eins fáum við notið þess að sigla og virða fyrir okkur tilkomumikla fegurð þessara svæða. Skipsferðinni lýkur í **Strassborg**. Þessi ferð er fyrir alla sem hafa gaman af að hreyfa sig í fallettri náttúru, sigla og njóta lífsins í góðum hópi.

9 dagar | 8 nætur

3 nætur í Tríer | 4 nætur um borð í MS Leonardo da Vinci | 1 nótt Strassbourg



Undirbúningur

Mikilvægt er að þátttakendur séu í góðu gönguformi en besti undirbúningurinn er að ganga reglulega á fjöllum. Fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu er gott að fara t.d. upp að Steini í Esjunni vikulega í u.þ.b. 6-8 vikur fyrir ferð. Ágætis viðmið er að geta gengið upp að Steini Esjunnar og niður aftur á innan við 2 klst. og líða vel eftir gönguna. Þeir sem búa fjær velja sér sitt staðarfjall til að ganga á og sameina þar með undirbúning og útiveru. Því fylgir mikil ánægja að æfa fyrir gönguferð af þessu tagi og farþegar njóta sjálfrar ferðarinnar miklu betur ef þeir æfa og undirbúa sig vel fyrir ferðina.

Vinsamlegast athugið að ef þátttakendur hafa ekki þá getu sem nauðsynleg er fyrir göngur ferðarinnar getur fararstjórinn farið fram á að viðkomandi sleppi einhverjum degi/dögum. Í staðinn er hægt að nýta sér aðstöðu hótelsins eða fara í léttar gönguferðir á eigin vegum.

18. september | Flug til Frankfurt & Tríer

Brottför frá Keflavík kl. 7:25. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför og landing í Frankfurt kl. 13:00 að staðartíma. Þaðan verður ekin fögur leið til Tríer þar sem gist verður í þrjár nætur á góðu hóteli í miðbænum. Hótelið býður upp á heilsurækt í rómverskum stíl, m.a. er sauna og rómverskt gufubað til að endurnærast og slaka á. Í þessari elstu borg Þýskalands er að finna mjög merkilegar minjar frá tímum Rómverja en þeir stofnuðu borg árið 16 f.Kr. sem þeir nefndu Augusta Treverorum. Fyrri hluti nafnsins var til heiðurs Ágústus keisara en seinni hlutinn er dreginn af keltneskum þjóðflokki, treveri, sem bjó þar nærri. Hér er margt að sjá, heillandi kirkjur, glæstar barokkbyggingar og ekki má gleyma borgarhliðinu, Porta Nigra frá 2. öld e.Kr. sem er tákn borgarinnar.



19. september | Bernkastel-Kues & Traben-Trarbach



Rómantíkin og náttúrufegurðin lætur engan ósnortinn í Móseldalnum. Nú verður ekin fögur leið um dalinn og stefnum við á bæinn Bernkastel-Kues sem er rómaður fyrir falleg bindingsverkshús og töfrandi blæ miðaldanna. Við göngum um bæinn og förum því næst vinsæla gönguleið yfir Mósselfjöllin sem leiðir okkur til vínbæjarins Traben-Trarbach. Eftir að hafa skoðað okkur aðeins um í þessum fallega bæ þar sem finna má margar áhugaverðar byggingar frá Art

Nouveau tímanum höldum við áfram til vínbónda þar sem við fræðumst um framleiðsluna og fáum að smakka á afurðunum. Rúta flytur okkur til baka til Tríer.

20. september | Í fótspor Rómverja

Móseldalurinn er einstaklega fallegt svæði og ekki er sagan síðri í Tríer, elstu borg Þýskalands. Í dag ætlum við að ganga um borgina og út fyrir hana. Við göngum að rómverska hliðinu, Porta Negra, skoðum rústir af fornum rómverskum baðhúsum, lítum við í dómkirkju borgarinnar, Þriggja konunga húsinu og á markaðstorginu. Við göngum svo yfir Mósél ána, eftir Rómversku brúnni, upp í hlíðina ofan við bæinn og að Maríu súlunni en þaðan er einstakt útsýni yfir borgina og Mósél. Þar er líka kaffihús og lítil kapella sem gaman er að skoða.



21. september | Ekið til Saarlouis & sigling með MS Leonardo da Vinci

Nú er komið að því að kveðja þennan yndislega bæ, Tríer, og halda í siglingu um árnar Saar, Mósél og Rín. Ekið verður til Saarlouis þar sem skipið MS Leonardo da Vinci bíður okkar. Við munum gista fjórar nætur um borð í þessu glæsilega skipi í vel búnum káetum með tveimur rúmum og útsýnisglugga. Þjónað er til borðs í hádeginu og á kvöldin en á morgnana er hlaðborð. Á meðan á siglingu stendur eru flestir drykkir innifaldir bæði með mat og á barnum í gestasalnum. Uppi á sóldekki eru legustólar til reiðu. Þegar við höfum komið okkur fyrir hittum við ferðafélagana og áhöfn í móttökuathöfn og snæðum kvöldverð um borð. Á meðan á kvöldverði stendur leggur skipið frá höfn til Merzig en þangað verður komið seint um kvöldið.

22. september | Merzig, Saarburg & Felsenweg



Um morguninn verður siglt frá Merzig til Saarburg en meðan á morgunverði stendur njótum við siglingarinnar um frægu Saar slaufuna sem myndar smáeyjar þar sem líf villtra fugla blómstrar. Seinnipart morguns komum við að landi í Saarburg. Þessi rómantíski bær, fyrrum aðsetur kjörfurstanna af Trier en nú miðstöð vínverslunar í Saarlandi, liggur í Dreiländereck eða einmitt þar sem löndin

Þýskaland, Frakkland og Lúxemborg mætast. Hér hefjum við fyrstu gönguferðina okkar og höfum með okkur góðan nestisþakka. Gangan er um 10 km löng og rúta ekur okkur upp að

rómversku virki að nafni Klause Kastel sem stendur á himinháum kletti yfir Saardalnum. Þaðan er gengið á stíg með fram hamraveggjum, yfir tún og um skóglendi til baka til Saarbúrg en stoppað til að njóta útsýnisins yfir dalinn. Skipið leysir landfestar á meðan við siglum í fögru landslagi Móseldalsins sem umvefur okkur þennan dag. Slökun uppi á dekki eða í setustofu skipsins MS Leonardo da Vinci fram að kvöldverði.

23. september | Cochem, Valwiger Berg & Koblenz

Njótið morgunverðar um borð í skipinu. Fyrir hádegi verður komið að landi í Cochem en þennan dag fáum við tækifæri til að skoða hið stórkostlega landslag miðju Móseldalsins í göngu um svæðið. Ganga dagsins er u.þ.b. 11 km. Við fylgjum völdugum klettaveggjum Brauselay, þröngum göngustígum umkringdum vínökrum og kemur fjölbreytileiki náttúrunnar okkur oft á óvart. Við njótum ægífagurs útsýnis yfir þennan fallega dal. Komum að pílagrímskirkju heilagrar Maríu og Magdalenu þar sem er að finna hæsta punktinn í þessari göngu. Göngum eftir fjallshrygg Valwiger Berg fjallsins sem myndaðist í einni Mósél slaufunni. Njótum stórfenglegs útsýnis til Reichsburg kastalans og yfir Móseldalinn. Áfram haldið niður svolítinn bratta til baka til skips. Hádegisverður á skipinu. Eftir matinn fáum við tækifæri til að slaka á og njóta útsýnisins á meðan við siglum niður Mósél. Seint um kvöldið verður lagt að landi í Koblenz þar sem árnar Rín og Mósél mætast.



24. september | Rínardalurinn, Rínarstígurinn & Rudesheim



Á meðan á morgunverði stendur verður siglt áfram um eitt af fallegustu landsvæðum Evrópu, um Rínardalinn til Rudesheim. Siglt er hjá hinum sögufræga Loreley kletti, höllum og köstulum sem tróna uppi á klettasýllum og hæðum. Um hádegisbil skellum við okkur í gönguskóna. Við göngum stuttan kafla af Rínarstígnum, Rheinsteig, en heildaganga dagsins er u.þ.b. 9 km. Gengið á mjóum stígum og svifið yfir vínökrum

Rudesheim í stólalyftu, upp að minnismerkinu Niederwald. Þaðan er fagurt útsýni yfir ána Rín. Göngum áfram með fram skóginum og njótum útsýnisins. Gengið verður í gegnum skóginn Niederwald og niður til Rudesheim. Seinni hluta dagsins njótum við siglingarinnar í rómantíska Rínardalnum og siglum fram hjá virkjum og kastölum. Nú leggur MS Leonardo da Vinci af stað í átt að Strassburg. Um kvöldið bíður okkar hátíðarkvöldverður, tónlist og dans.

25. september | Strassburg

Eftir yndislega siglingu og gönguferðir kveðjum við áhöfnina í Strassburg. Strassburg er einstaklega áhugaverð borg með sjarmerandi gömlum húsum og vatnavegum en áin Ill rennur um borgina. Þessi höfuðstaður Alsace héraðsins stendur í Frakklandi rétt við landamæri Þýskalands. Hér kallast gljáandi ný háhýsi, eins og Evrópubygggingin, á við eldri hluta borgarinnar með sögulegu



bindingsverkshúsunum. Við göngum inn í gamla hluta borgarinnar og skoðum sögufrægu Münsterkirkjuna en inni í kirkjunni er mjög merkilegt stjörnu- og sólúr. Frjáls tími gefst síðan fyrir hvern og einn til að fá sér hressingu, líta inn til kaupmanna eða ganga um hverfið Litla Frakkland. Gist verður á 4* hóteli í Strassborg. Kvöldverður á eigin vegum.

26. september | Heimferð

Nú er komið að heimferð en brottför er frá Frankfurt kl. 14:00 og landing í Keflavík kl. 15:40.

Um skipið

MS Leonardo da Vinci er í eign franska skipafélagsins CroisiEurope og var tekið í notkun árið 2003 og allt endurnýjað árið 2011. Skipið er 105 metra langt, 11.4 metrar á breidd og með 72 káetum á tveimur þilförum. Á skipinu er að finna setustofu með bar og glæsilegum veitingastað. Á sóldekkinu eru sæti og legubekkir. Allar káeturnar eru með glugga, sjónvarpi, hárblásara, öryggishólfi og baðherbergi með sturtu.



Verð

389.900 kr. á mann í tvíbýli á aðalþilfari | 80.900 kr. aukagjald fyrir einbýli á aðalþilfari.

Aukagjald fyrir káetu á efra þilfari er 34.900 kr. á mann í tvíbýli.

Ekki er hægt að fá einbýli á efra þilfari.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Rútuferð til og frá flugvelli í Frankfurt.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi í 3 nætur á 4* hóteli í Trier.
- ✓ Morgunverður og einn kvöldverður á hótelinu í Trier.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi í 1 nótt á 4* hóteli í Strassborg.
- ✓ Morgunverður á hóteli í Strassborg.
- ✓ 5 daga fljótasigling með MS Leonardo da Vinci.
- ✓ Gisting á skipinu MS Leonardo da Vinci í káetum með sturtu / salerni í 4 nætur.
- ✓ Morgun-, hádegis- og kvöldverður alla daga um borð nema nestisþakki eitt hádegis.
- ✓ Drykkir með máltíðum á skipinu, vín, bjór, vatn og kaffi.
- ✓ Allir drykkir á barnum um borð (fyrir utan drykki á sérseðli).
- ✓ Hátíðarkvöldverður um borð í skipinu.
- ✓ Heimsókn til vínbónda í Traben-Trarbach.
- ✓ Göngudagskrá.
- ✓ Leiðsögn staðarleiðsögumanns í völdum gönguferðum.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn á söfn, í hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þrjú kvöldverðir.
- ✓ Forfalla- og ferðatryggingar.
- ✓ Þjóf fé.